

**Kjarasamningur
milli
Félags tæknifólks hjá Landsvirkjun (FTL)
og
Landsvirkjunar**

1. gr.

Kjarasamningur þessi gildir til 1. nóvember 2022 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Hann felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning Landsvirkjunar og FTL.

2. gr.

Launabreytingar

Mánaðarlaun hækka á samningstímabilinu sem hér segir:

1. apríl 2019	kr. 17.000
1. apríl 2020	kr. 18.000
1. janúar 2021	kr. 15.750
1. janúar 2022	kr. 17.250

3. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2019	kr.132.071
Á árinu 2020	kr.135.373
Á árinu 2021	kr.138.757
Á árinu 2022	kr.142.226

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2019 verði orlofsuppbót	kr.132.071
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020 verði orlofsuppbót	kr.135.373
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021 verði orlofsuppbót	kr.138.757
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022 verði orlofsuppbót	kr.142.226

GS6
SS
/68

4.gr

Vinnutímastytting (gildir frá 1.1.2020)

Ákvæði 2.1.1. orðist svo:

Vinnuvika starfsmanna í 100% starfi skal vera 37 klst. og 15 mín. á viku. Virkur vinnutími á viku er 36 klst. Dagleg viðvera á vinnustað er virkur vinnutími að viðbættum hléum frá vinnu. Mánaðarleg vinnuskylda er að jafnaði 161,4 klst.

Ákvæði 3.1.3. orðist svo:

Á venjulegum vinnudegi eru kaffihlé samtals 15 mín. á dag og eru greidd sem vinnutími. Kaffihlé eru sveigjanleg og tekin þegar best hentar starfseminni.

5.gr

Orlofsávinnsla

Lágmarksorlof er 24 virkir dagar og orlofslaun sem nema 10,17%. Starfsmaður sem unnið hefur hluta orlofsárs skal fá tveggja daga orlof fyrir hvern unninn mánuð hjá LV.

Starfsmaður sem unnið hefur 1 ár hjá Landsvirkjun á rétt á 27 virkum dögum og 11,59% orlofslaunum.

Starfsmaður sem unnið hefur 3 ár hjá Landsvirkjun á rétt á 30 virkum dögum og 13,04% orlofslaunum.

Orlofsréttur reiknast frá byrjunar mánuði eftir að ofangreindum starfstíma er náð. Heimilt er að meta starfsreynslu úr sambærilegum störfum til jafns við starfsaldur hjá Landsvirkjun.

Breyting á ávinnslu taki gildi frá 1.júlí 2019 en þá tóku gildi lög 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Skýring: Þegar föst laun eru greidd 12 mánuði ársins (m.v. áunninn orlofsrétt) greiðast orlofslaun ekki til viðbótar. Orlofslaun eru reiknuð af breytilegum greiðslum sem ekki teljast til fastra launa.

6.gr.

Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar dags. 3. apríl 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtaauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. apríl sl. verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

GSG
SOP
EP

7.gr.

Atkvæðagreiðsla

Kjarasamningur þessi skal borinn upp í sameiginlegri atkvæðagreiðslu félagsmanna FTL sem starfa skv. kjarasamningnum og skal henni lokið eigi síðar en 24. febrúar 2020.

Reykjavík, 18. febrúar 2020

f.h. Félags tæknifólks hjá Landsvirkjun

f.h. Landsvirkjunar

Gættumarkur Sigríð Guðmundsson
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

Frída J. Árnadóttir
Helga Þórsdóttir